

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. febrúar 2015

**Efni: Umsögn Landssambands veiðifélaga (LV) um tillögu til þingsályktunar þingskjal 273 ásamt breytingartillögu meirihluta atvinnuveganefndar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 244. mál.**

Landssamband veiðifélaga hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 244. mál.

LV leggur áherslu á að hér sé um umfangsmikið og mikilvægt mál að ræða og hvetur til samráðs við starfandi veiðifélag á vatnasvæði Þjórsár um faglega meðferð málsins. Landssambandið leggur þunga áherslu á að lífríki og aðrir hagsmunir, heldur en orkunýting, bíði sem minnst tjón af þegar fyrirhugaðir virkjunarkostir eru metnir.

LV bendir á að umgengni við fiskistofna í ám og vötnum hérlendis er með því besta sem þekkest sem þakka má lögbundnu og farsælu skipulagi veiðimála hérlendis, ásamt öflugu rannsóknar og ráðgjafarstarfi Veiðimálastofnunar.

Jafnframt minnum við á að í flestum ám landsins eru miklir hagsmunir í húfi varðandi veiðihlunnindi sem umgangast ber með varúð og virðingu.

LV fer fram á þetta verði haft í huga varðandi virkjunaráform í fallvötnum þar sem fiskistofnar eru og að ávallt liggi fyrir bestu rannsókni á lífríki og fiskgengd þar sem fyrirhugað er að virkja.

Landssambandið leggst eindregið gegn virkjunarframkvæmdum í ám sem skaðað getur nýtingu þeirra fiskistofna sem þar eru fyrir.

Landssambandið bendir á að á vatnasvæði Þjórsár er stærsti laxastofn á Íslandi. Stofn árinna hefur stækkað undanfarin ár. Má rekja það að hluta til mótvægisáðgerða vegna virkjana m.a. með gerð laxastiga í Búða og seiðasleppinga á vatnasvæðinu. Vísindamenn meta það svo að laxastofn í Þjórsá muni halda áfram að stækka vegna þessara áðgerða í framtíðinni. LV leggur þunga áherslu á að framtíðarverðmæti í stærri laxastofni á vatnasvæðinu er eign veiðiréttarhafa við Þjórsá.

Landssamband veiðifélaga tekur undir framkomnar athugasemdir Veiðifélags Þjórsár um fyrirbyggjandi þingmál og ítrekar mikilvægi þess að virkt samráð um faglega meðferð málsins verði haft við veiðifélagið sem fer lögum samkvæmt með varðveislu fiskistofna á vatnasvæðinu.

Virðingarfyllst,  
fh. Landssambands veiðifélaga

Óðinn Sigbórsson, formaður